

stjórnarinnar, dags. 18. júlím. þ. á., hefir stjórnarráðið veitt yður 200 ríkisdali í viðbót við þá 500 rdl., sem það með bréfi 30. aprílmáu. þ. á. veitti yður, sem styrk til að ferðast á yfirstandanda ári til Íslands, til að rannsaka sullaveiki þá, er þar gengur. 1863.
2. septbrm.

Um leið og þetta er kunngjört yður skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða yður þessa 200 rdl. úr jarðabókarsjóðnum.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um bænarskrá héraðslæknis um húsaleigustyrk. 2. septbrm.

Útaf bænarskrá, er stjórnarráðið fekk með álitsskjali yðar, herra amtmaður, dagsettu 10. maím. þ. á., frá Jósep Skapta-syni, héraðslækni í vesturhéraði norður- og austurumdæmisins, um að honum verði veittur árlegur húsaleigustyrkur, svo sem jafngildi jarða þeirra, sem hinum tveim héraðslæknunum í amtinu eru fengnar til afnota, skal yður hærmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þer auglýsið það hlutað-eiganda, að dómsmálastjórnin eigi sér sér fært að útvega hon-um húsaleigustyrk þann, er hann sækir um að fá.

69. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um hvort gufu-póstskipið skuli greiða hafnartoll, vatnstoll og hafnsögugjald í Reykjavík. 5. septbrm.

Eptir að stjórnarráðið með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 17. júním. þ. á., hafði meðtekið álitsskjal bæjarfógetans og bæjar-stjórnarinnar í Reykjavík um það, hvort gufupóstskipið Arcturus eigi að svara hafnartolli, vatnstolli og hinu fyrirskipaða gjaldi til hafnsögusjóðsins þar í kaupstaðnum, hefir stjórnarráðið í dag ritað þeim Koch og Henderson, útgjörðarmönnum gufuskipsins, að skip þetta geti um eptirkomandi tíma ekki orðið undanþegið álögum þessum.

1863.

5. septbrm.

Um leið og þetta er hér með kunngjört yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtu það hlutaðeigendum, skal því við bætt, að eftir fararsamningi þeim, sem áður hefir verið gjörður við útgjörðarmennina, og bráðabirgðarákvörðun þeirri, sem í þessu tilliti var gjörð í bréfi dómsmálastjórnarinnar 13. dag febr. þ. á., þá getur ekki orðið umtalsmál um neina uppbót til sjóða þeirra í Reykjavík, sem ættu að fá tekjur þær, sem hér er um rætt, fyrir það, sem þeir hafa í misst fyrir þá sök, að gufuskipið að undanfögnu hefir verið undanþegið álögum þessum.

5. septbrm.

70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppgjöf á láni, er varið hafði verið til að koma upp þinghúsi og fangahúsi á Vestmannaeyjum.

Með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 19. júnímán. þ. á. hefir dómsmálastjórnin meðtekið bænarskrá frá fátækrastrjórunum á Vestmannaeyjum, ásamt álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns, um að leyft verði, að ekki sé aptur borgað 601 rd. 37 sk., sem eftir bréfi stjórnarráðsins 16. febrúarm. 1859 var veitt Vestmannaeyja sveitarfélagi að láni til að koma upp þinghúsi og fangahúsi, og tekið af fé því, sem fátækrastrjódurinn þar átti innistandandi í jarðabókarsjóði Íslands; átti að borga lán þetta aptur á fjögura ára fresti, en allt til þessa hafa menn ekki séð ráð til að borga neitt af skuldinni.

Í þessu efni skal yður nú kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér hlutist til um það, er með þarf, að af þeim ástæðum, sem til eru færðar í bænarskránni, og með tilliti til þess, sem þér, herra stiptamtmaður, óg Bjarni sýslumaður Magnússon hafði tekið fram, þá er frá stjórnarráðsins hálfu ekkert því til fyrirstöðu, að hlutaðeigendum sé veitt bæn þeirra.